

# Styttan af Gústa afhjúpuð í dag

Sigurvin, áhugamannafélag um minningu Gústa guðsmanns, hefur, eins og greint var frá hér í síðasta mánuði, látið gera styttu af hinum landsþekktu fiskimanni og kristniboða og mun hún standa á Ráðhústorgi á Siglufirði, þar sem hann prédikaði oft. Var Ragnhildur Stefánsdóttir listamaður og myndhöggvari í Reykjavík fengin til verksins og hefur leyst það afar vel af hendi. Afhjúpun verður í dag kl. 14.00.



Ágúst Gíslason les upp úr Biblíunni á Ráðhústorgi á Siglufirði 7. júlí 1968, þegar hátíðahöld voru til að minnast fimmtíu ára kaupstaðarréttinda.



Ragnhildur Stefánsdóttir myndhöggvari gerði styttuna af Gústa. Myndin var tekin í vinnustofu hennar í byrjun júní, meðan hún vann enn að gerð frummyndarinnar, sem síðar var steipt í málm erlendis.

Forsíðumynd: Árni Jörgensen.

Mynd af Gústa 1968: Jónas Ragnarsson.

Mynd úr vinnustofu Ragnhildar: Aðsend.

Texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.